

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

832. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 12. maí 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra fjölskyldusviðs
2. Viðræður við rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs og umhverfisstjóra.
3. Umsóknir um styrki úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra
4. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi v/Löngufitjar.
5. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi v/Höfðabrautar 46.
6. Afrit af bréfi Fræðsluþjónustu Skagafjarðar og Fræðsluskrifstofu A-Hún til heilbrigðisráðherra.
7. Upplýsingar frá aðalfundi Fasteignafélagsins Borgar ehf.
8. Niðurstöður kynbundinnar kjararannsóknar meðal starfsmanna Húnaþings vestra. Tillögur framkvæmdaráðs.
9. Fjárhagsbókhald- 1. ársfjórðungur.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs er mættur til fundar við byggðarráð. Kynntar voru niðurstöður viðhorfskönnunar sem nýlega var framkvæmd meðal forsjáradila barna á Leikskólanum Ásgarði um heimsóknir sóknarpresta. Byggðarráð felur sviðsstjóra fjölskyldusviðs að kynna leikskólastjóra niðurstöður könnunarinnar og innleiða breytingar á fyrirkomulagi heimsóknanna í samræmi við niðurstöður könnunarinnar og umræðu sem fram fór í byggðarráði. Guðrún Ragnarsdóttir vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar.
2. Rekstrarstjóri framkvæmda og umhverfissviðs og umhverfisstjóri eru mætt til fundar við byggðarráð, þar sem þau kynntu tímasetta áætlun frá Eflu verkfræðistofu um lokun urðunarstaðarins að Syðri-Karástöðum. Áætlunin gerir ráð fyrir að starfsleyfi urðunarsvæðisins verði ekki endurnýjað að loknum gildistíma þann 31. janúar 2017. Byggðarráð samþykkir framlagða áætlun og felur starfsmönnum framkvæmda- og umhverfissviðs að eiga samstarf við Umhverfisstofnun um framkvæmd áætlunarinnar. Rekstrarstjóri lagði fram tillögu að auglýsingu vegna útboðs á lagningu hitaveitu að Gauksmýri. Auglýsingin gerir ráð fyrir að tilboð verði opnuð 3. júní nk. og verkinu verði lokið 15. september nk. Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu.
3. Lagðar fram umsóknir úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra. Átta umsóknir bárust.
Lögð fram eftirfarandi tillaga að úthlutun
 - Húnaþrent sf vegna kaupa á laserprentvél kr. 650.000
 - Magnús Ásgeir Elíasson, vegna húsdýragarðs á Stóru Ásgeirsá kr. 650.000

- Marianna Eva Ragnarsdóttir og Jónína Helga Jónsdóttir vegna sápugettar kr. 200.000
 - Virkar ehf. vegna uppbyggingar og markaðssetningar kr. 200.000
 - Spes og Grettistak ses. Vegna aðstöðusköpunar kr. 200.000
 - Stella Levy og Ægir Jóhannesson vegna ostagerðar kr. 100.000
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
4. Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 5. maí sl. þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Regínu Þórarinsdóttur kt. 051154-2909 um endurnýjun leyfis skv. lögum nr 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Sótt er um leyfi til að reka gistiheimili, skv. flokki I og veitingastað í flokki I undir nafninu Langafit á Laugarbakka. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
 5. Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 5. maí sl. þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Steinbjörns Tryggvasonar kt. 170759-5089 um leyfi skv. lögum nr 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Sótt er um leyfi til að reka heimagistingu skv flokki I að Höfðabraut 46 á Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
 6. Lagt fram til kynningar afrit af bréfi Fræðsluþjónustu Skagafjarðar og Fræðsluskrifstofu A-Hún til heilbrigðisráðherra vegna geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga.
 7. Lagðar fram til kynningar upplýsingar frá aðalfundi fasteignafélagsins Borgar ehf. ásamt ársreikningi ársins 2013.
 8. Lagðar fram niðurstöður kynbundinnar kjararannsóknar meðal starfsmanna Húnaþings vestra ásamt tillögum framkvæmdaráðs til úrbóta. Tillögunum vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
 9. Fjárhagsbókhald 1. ársfjórðungs 2014. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs lagði fram yfirlit yfir stöðu fjárhagsbókhalds eftir fyrstu 3 mánuði ársins og samanburð við fjárhagsáætlun ársins 2014 með viðaukum. Yfirlitið var lagt fyrir framkvæmdaráð þann 7 maí sl. Rekstur er almennt í samræmi við áætlun ársins og taldi framkvæmdaráð ekki ástæðu til inngripa að svo stöddu.

Samþykkt að taka á dagskrá:

10. Lagt fram bréf Orkustofnunar dags 7. maí sl. Fylgibréf með leyfi til nýtingar á jarðhita til handa Húnaþingi vestra, í landi Reykja í Hrútafirði, fyrir stækkun hitaveitu við Hrútafjörð. Framkvæmda- og umhverfissviði falið að gera drög að samningum við landeigendur og afla tilskilinna leyfa og leggja fyrir byggðarráð.
11. Lagt fram fundarboð vegna málefna Náttúrustofu Norðurlands vestra sem haldinn verður 13. maí nk. kl 14:00 á Sauðárkróki.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:16:19

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Ragnar S. Helgason

Stefán E. Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson